

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 268. FUNDUR.

268. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn í síma föstudaginn 11. mars 2016 kl. 16:30.

### Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir oddviti, Elín Jóna Rósinberg varaoddviti, Elín R. Líndal aðalmaður, Ingimar Sigurðsson aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

### Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

### Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir.

Oddviti setti fund.

### 1. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 265. fundar frá 11. mars 2016. Fundargerð í 1 lið.

Fram lögð eftirfarandi bókun vegna 1. dagskrárliðar. „Sveitarstjórn vill áréttta að beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn varðar hvort fyrirhuguð uppsetning brennsluofns sé háð mati á umhverfisáhrifum sbr. lög nr. 106/2000. Skv. bókun Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra þann 11. febrúar sl. er samþykkt að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Er það í takt við greinargerð Umhverfisstofnunar frá því í apríl 2015 þar sem fram kemur að brennsluofnar fyrir áhættuvefi dýra séu starfsleyfisskyldir hjá heilbrigðisnefndum. SKVH mun því þurfa að sækja um breytingar á starfsleyfi vegna fyrirhugaðrar uppsetningar brennsluofns og mun Heilbrigðieftirlit Norðurlands vestra auglýsa eftir athugasemdum um framkvæmdina. Í ljósi framangreinds þá er það mat sveitarstjórnar Húnaþings vestra, að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 og reglug. 1123/2005“.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl: 16:45

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Ingimar Sigurðsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Elín R. Líndal

Valdimar Gunnlaugsson.

---

Gunnar Þorgeirsson

---

Guðný Hrunð Karlsdóttir, sveitarstjóri